

## **Stjórnarfundur 9. september 2015, Rauðarárstíg 28 kl. 15.00-16.30**

**Viðstaddir:** Jóhanna Björk, Hulda Sif og Sigurbjörg Gylfa.

- 1) Skólaárið 2015-2016: dagskrá FFÍ fyrir veturinn:
  - Fyrsti félagsfundur vetrarins verður boðaður föstudaginn 25. september.
  - Frönskukeppnin. Upp hefur komið sú hugmynd að tengja keppnina 2016 við Evrópukeppnina í fótbolta. Hugmyndin verður rædd á næsta félagsfundi.
  - Evrópski tungumáladagurinn. Sigurbjörg G. tók að sér hefja umræðu á Facebook-síðu félagsins um hvað sé hægt að gera í tilefni dagsins.
  - Sumarnámskeið 2016. Athuga þarf fljótlega hvort áhugi er fyrir því að halda námskeiðið erlendis til að hægt sé að hefja undirbúning ef svo er.
  
- 2) Fjármálin: Innheimta félagsgjalda, félagaskrá ofl.:
  - Gjaldkeri mun senda út rúkkun félagsgjalda á næstunni og verður upphæðin nú 4000 kr. (hækkun úr 3000 kr. samþykkt á aðalfundi í vor).
  - Staðan á reikningi félagsins nú er 10.000 kr.
  - Enn á eftir að greiða stjórnarmeðlimum sína þóknun fyrir árið.
  - Jóhanna sækir um styrkinn frá MMR sem veittur hefur verið undanfarin ár.
  - Félagatal: Nokkrir óvirkir félagar verða teknir af póstlista. Æskilegt væri að fá Ingunni í FÁ og Guðný í Flensborg í félagið (báðar virkir frönskukennarar).
  
- 3) Fundur CEO í Kaupmannahöfn 30.-31. október 2015:

Jóhanna fer á þennan fund (þó ekki sé vitað fyrirfram hvort styrkur fáist) og kynnir Edmodo-verkefni sem hún og Sigurbjörg G. eru að vinna.
  
- 4) Congrès FIPF í Liège í júlí 2016:

Heimsráðstefna alþjóðasamtaka frönskukennara fer fram í Liège í Belgíu á næsta ári. Gott væri að senda fulltrúa frá félaginu, úr stjórn eða annan/aðra áhugasama. Mögulegt væri að tengja sumarnámskeiðið 2016 við ferð á þessa ráðstefnu (verður kannað meðal félaga).
  
- 5) Önnur mál:
  - Rætt um forritin kahoot og quizlet sem væri sniðugt að kynna á félagsfundi.
  - Málþingið í Finnlandi vor 15: þar kom upp hugmyndin að norrænni frönskukeppni og að halda málþing á Íslandi 2017. Þetta þyrfti að ræða betur við norrænu kollegana.
  - Staða frönskunnar; virðist ekki fara batnandi.